

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um inntöku 12 mánaða gamalla barna í leikskóla borgarinnar**

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 7. nóvember 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalistaflokks Íslands:

*Hver er fjöldi þeirra barna sem hafa byrjað á leikskólum borgarinnar 12 mánaða gömul?  
Hvert er hlutfall þeirra miðað við allar umsóknir um pláss fyrir 12 mánaða börn?  
Sundurliðað það sem af er ári.*

**Svar:**

Mánuður	Fjöldi 12 mánaða eða yngri tekin inn*	Umsóknir sem berast um vistun**	Hlutfall
janúar	7	178	4%
febrúar	8	165	5%
mars	7	194	4%
apríl	5	171	3%
maí	9	174	5%
júní	4	193	2%
ágúst	36	210	17%
september	72	170	42%
október	36	185	19%
nóvember	16	180	9%

\* 12 mánaða eða yngri þegar þau hefja vistun í mánuðinum hjá borgarreknum eða sjálfstætt starfandi leikskóla.

\*\* Umsóknir um vistun frá börnum sem hafa ekki verið áður á leikskóla

Ef horft er til haustsins 2022 voru 156 börn tekin inn 12 mánaða eða yngri á tímabilinu 1. ágúst til og með 1. nóvember. 1540 börn voru í heildina tekin inn, án flutnings umsókna á milli leikskóla eða frá sjálfstætt starfandi. Um 10% barna sem hófu vistun á tímabilinu voru því að koma inn undir 13 mánaða.